

AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**

Lindir IV. Skógarlind nr. 1 og 2. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 13. febrúar 2007 tillögu að deiliskipulagi við Lindir IV, Skógarlind nr. 1 og 2 ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 28. nóvember 2005.

Í tillögunni felsest að gert er ráð fyrir nýju verslunar- og þjónustuhúsnaði á ofangreindu svæði. Annars vegar meðfram Lindarvegi í eins til þriggja hæða byggingu sem er áætluð um 15.500 m² að flatarmáli. Við húsið er gert ráð fyrir um 460 bílastæðum og er hluti þeirra, um 180 stæði fyrirhuguð á þaki hússins með aðkomu frá Lindarvegi. Hins vegar er í tillögunni gert ráð fyrir byggingu meðfram Fífuhvammsvegi sem er ráðgerð þrjár hæðir auk kjallara samtals um 9.500 m² að flatarmáli. Við húsið verða um 315 bílastæði að stærstum hluta í tveggja hæða bílgeymslu. Aðkoma að svæðinu er fyrirhuguð frá Lindarvegi í austri og af tengirampa milli Fífuhvammsvegar og Reykjanesbrautar úr vestri. Þá er gert ráð fyrir nýjum akfærum undirgöngum undir Reykjanesbraut sem tengja munu Dalveg og Lindir IV. Í tillögunni er gert ráð fyrir nýju hringtorgi á gatnamótum Núpalindar og Lindarvegar og breikkun Lindarvegar milli nýja hringtorgsins og Fífuhvammsvegar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 15. maí 2007.

Smári Smárason skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2007